



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 1. bekkur

Kennari: Arna Guðbjörg og Þórgunnur María

Netfang: umsjon12@klaustur.is

Almennt: Hæfniviðmiðin í íslensku eru í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, ritun og málfræði. Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu við aðrar námsgreinar, íslenskukennsla er ein heild og tengist öllum námsgreinum. Málfræðikennsla og vinna til að efla orðaforða má ekki vera einangrað fyrirbæri heldur þarf hún að vera virk í öllum texta og töluðu máli.

Helstu markmið: Að nemendur læri að þekkja bókstafina, bókstafstákn þeirra, geti umskráð hljóð og stafi í lestri og ritun. Nemendur læri að draga rétt til stafs og geti skrifað orð og/eða stuttar setningar. Nemendur æfi framsögn og tjáningu frammi fyrir bekknum.

Hlekkur á aðalnámskra https: <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>

Námsgögn: Listin að lesa og skrifa 1,2,3 og 4, Það kemur saga út úr mér, Ég get lesið - Handbók um fyrstu skrefin í lestrarnámi ungra barna, aukahefti og efni í stafainnlögnum, Skrift 1, leir, lestrarbækur, stílabækur og úrklippubækur.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn:	Listin að lesa og skrifa 1 og 2	Stafainnlögn byrjar yfirleitt með lestri á sögu í bókinni <i>Það kemur saga út úr mér.</i>	Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
Ágúst	Stafainnlögn: Íí		Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
September	Stafainnlögn: Óó, Ss, Áá, Ll	Kennari ræðir söguna munnlega og kannar	

Október	Stafainnlögn: Aa, li, Rr, Úú,	hlustunarskilning nemenda	Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
Nóvember	Stafainnlögn: Mm, Uu, Vv, Ee, Oo	Ritun stafatákns æfð, bæði á töflu og í bók.	Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
Desember	Stafainnlögn: Nn, Ææ Orðaforðavinna með jólasveinana og vísur Jóhannesar úr Kötlum	Skriftarþjálfun þegar nemendur hafa lært meirihluta stafanna.	Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
Vorönn	Listin að lesa og skrifa 3 og 4	Nemendur vinna í vinnubók.	Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
Janúar	Stafainnlögn: Jj, Ff, Éé, Hh, Tt	Stöðvavinna, þar sem nemendur æfa sig m.a. að leira stafina, finna þá í texta og klippa út, raða stöfum saman í orð o.fl.	Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
Febrúar	Stafainnlögn: Gg, Þþ, Öö	Vinna með Elkonin box á töflu og í bók.	Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
Mars	Stafainnlögn: Bb, Ýý, Yy, Þþ	Nemendur syngja stafavísur.	Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
Apríl	Stafainnlögn: Kk, Dd, Au, Pp	Heimalestur og lestur í skóla þar sem nemendur læra að tengja þau stafatákn sem lögð hafa verið inn.	Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
Mai	Stafainnlögn: Ei, Ey, Xx	Leitast er við að efla orðaforða og málvitund í töluðu máli og með sögulestri.	Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
		Læra að umgangast bókasafnið.	
		Velja bækur eftir getu og áhugasviði.	
		Sögustund í stofu.	

			Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
--	--	--	--

Námsmat:

- Vinnubækur, metinn verður frágangur og skilningur.
- Hæfni nemenda til lestrar og ritunar verður könnuð.
- Að nemandi hafi náð góðum skilning á námsefninu

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.